

Priðjungur nemenda í bóknámi telur verknám eiga betur við sig

Haustið 2018 var könnunin *Ungt fólk* lögð fyrir nemendur í framhaldsskólum landsins á vegum Rannsóknna & greiningar. Í útkominni skýrslu eru bornar saman niðurstöður æskulýðsrannsókna frá 1992 til 2018. Spurningum rannsókna er beint að ýmsum þáttum í lífi ungmenna í framhaldsskólum sem varða hagi þeirra og líðan. Skýrsluna í heild sinni, ásamt skýrslum frá 2013 og 2016, má finna hér [Ungt fólk](#).

Námsbrautarval

Í *Ungu fólki* hafa nemendur verið spurðir hvernig nám lýsi best þeirri námsbraut sem þeir eru á. Í töflu 1 má sjá svör við þeirri spurningu fyrir árin 2016 og 2018.


Tafla 1. Hvað lýsir best þeirri námsbraut sem þú ert á? Greint eftir kyni, árin 2016 og 2018.

Braut:	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
	2016	2016	2016	2018	2018	2018
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Listnám	4,8%	7,6%	6,2%	5,8%	8,4%	7,2%
Bóknám til stúdentsprófs	61,6%	77,7%	69,7%	57,5%	76,4%	67,2%
Verknám til starfsréttinda / starfs	14,1%	4,0%	7,5%	16,4%	5,0%	10,5%
Verknám til stúdentsprófs	10,0%	5,0%	7,5%	10,9%	4,9%	7,8%
Nám á framhaldsskólabraut	4,6%	2,3%	3,4%	4,3%	2,2%	3,2%

Flestir nemendur telja að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best eða um 67% nemenda í heild árið 2018. Mun lægra hlutfall nemenda telur verknám til starfsréttinda (10,5%), verknám til stúdentsprófs (7,8%), listnám (7,2%) og nám á framhaldsskólabraut (3,2%) lýsa námsbraut sinni best. Þó segjast 3% fleiri nemendur stunda verknám til starfsréttinda árið 2018 en árið 2016.

Viðhorf til mismunandi náms

Í könnuninni eru nemendur spurðir hversu vel ákveðnar fullyrðingar eigi við um þá. Þetta eru fullyrðingar sem tengjast áhuga nemenda á að taka fleiri verklega áfanga og fleiri listgreinaáfanga. Einnig eru nemendur spurðir um viðhorf til þess hvort nám í verklegum greinum henti þeim betur en bóknám og hvort þeir myndu vilja meira frjálst val. Á mynd 1 er að finna niðurstöður úr svörum við framangreindum fullyrðingum fyrir árin 2016 og 2018.



Mynd 1. Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig? Hlutfall (%) nemenda sem segir að fullyrðingarnar eigi mjög eða fremur vel við um sig, árin 2016 og 2018.

Meirihluti nemenda myndi vilja að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut eða um 75% árið 2016 og 70% árið 2018. Hartnær tveir þriðju hlutar nemenda hafa áhuga á að taka fleiri verklega áfanga og um 40% hafa áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga. Athygli vekur að árin 2016 og 2018 telur nær helmingur nemenda að nám í verklegum greinum henti þeim betur en bóknám. Þessar niðurstöður eru áhugaverðar í ljósi þess að meirihluti nemenda telur að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best.

Viðhorf til mismunandi náms eftir því í hvaða námi nemendur eru

Viðhorf nemenda til mismunandi náms árið 2018 voru greind nánar eftir því hvers konar nám þeir töldu lýsa námsbraut sinni best. Niðurstöður greiningarinnar má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Viðhorf nemenda til mismunandi náms greind eftir námi sem þeir eru í. Hversu vel eða illa telja nemendur að tiltekna fullyrðingar lýsi áhuga þeirra.

Ég hef áhuga á að taka fleiri verklega áfanga						
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut	Heild
Mjög/fremur vel	78%	57%	87%	79%	66%	65%
Mjög/fremur illa	22%	43%	13%	21%	34%	35%

Ég hef áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga						
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut	Heild
Mjög/fremur vel	90%	37%	26%	31%	40%	40%
Mjög/fremur illa	10%	63%	74%	69%	60%	60%

Ég tel að nám í verklegum greinum henti mér betur en bóknám						
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut	Heild
Mjög/fremur vel	79%	33%	86%	76%	66%	48%
Mjög/fremur illa	21%	67%	14%	24%	34%	52%

Ég vildi að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut						
	Listnám	Bóknám til stúdentsprófs	Verknám til starfsréttinda/starfs	Verknám til stúdentsprófs	Nám á framhaldsskólabraut	Heild
Mjög/fremur vel	83%	69%	66%	68%	74%	70%
Mjög/fremur illa	17%	31%	34%	32%	26%	30%

Hátt hlutfall nemenda, óháð námsbraut sem þeir eru á, hefur áhuga á að taka fleiri verklega áfanga. Athygli vekur að 57% nemenda sem segjast vera í bóknámi til stúdentsprófs og 66% þeirra sem eru í námi á framhaldsskólabraut telja að fullyrðingin *ég hef áhuga á að taka fleiri verklega áfanga* eigi mjög eða fremur vel við sig.

Þá telur einnig töluverður hópur nemenda í öðru námi en listnámi að fullyrðingin *ég hef áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga* eigi mjög eða fremur vel við sig. Um 38% nemenda í bóknámi til stúdentsprófs telur svo vera. Um 26% nemenda í verknámi til starfsréttinda, 31% í verknámi til stúdentsprófs og 40% nemenda í námi á framhaldsskólabraut eru sama sinnis.


Þá vekur einnig athygli að um 33% nemenda í bóknámi til stúdentsprófs telja að fullyrðingin *ég tel að nám í verklegum greinum henti mér betur en bóknám* eigi mjög eða fremur vel við sig. Þetta vekur athygli þar sem meirihluti nemenda (67%) í könnuninni telur að bóknám til stúdentsprófs lýsi námsbraut sinni best. Meirihluti nemenda (66%) í námi á framhaldsskólabraut er sama sinnis en lítill hluti, eða um 3% nemenda, segist vera skráður í það nám.

Hátt hlutfall nemenda, óháð því á hvaða námsbraut þeir eru, telur að fullyrðingin *ég vildi að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut* eigi mjög eða fremur vel við sig eða á bilinu 66% til 83% eftir því hvaða nám á í hlut.

Í sambærilegri greiningu sem unnin var úr gögnum úr rannsókninni Ungt fólk árið 2016 komu fram svipaðar niðurstöður og 2018 um viðhorf nemenda til náms.


Þyngd náms

Allt frá 2004 hafa framhaldsskólanemendur í rannsókninni *Ungt fólk* verið spurðir um þyngd náms. Á mynd 2 sést hlutfall stelpna og stráka sem telja það stundum, oft eða nær alltaf eiga við um sig að námið sé of létt. Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið í svörum nemenda frá því byrjað var að spyrja þessarar spurningar. Á tímabilinu hefur 24-27% stelpna og 43-46% stráka fundist það eiga við stundum, oft eða nær alltaf að námið væri of létt. Þannig virðist sú upplifun vera algengari meðal stráka en stelpna að nám sé of létt.



Mynd 2. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013, 2016 og 2018 sem telur námið stundum, oft eða nær alltaf vera of létt.

Á mynd 3 má sjá að hlutfall nemenda sem telur nám sitt stundum, oft eða nær alltaf vera of þungt hefur sigið hægt og rólega á árabílinu 2004-2018. Stelpur telja nám sitt oftara vera of þungt og er kynjamunur á bilinu 6-9 prósentustig. Þannig má segja að mynd 2 lýsi óbreyttu hlutfalli nemenda sem telur námið of létt og mynd 3 lýsi heldur lækkandi hlutfalli nemenda sem telur námið of þungt á árabílinu 2004-2018.




Mynd 3. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013, 2016 og 2018 sem telur námið stundum, oft eða nær alltaf vera of þungt.

Nemendur í rannsókninni *Ungt fólk* hafa einnig verið spurðir hvort staðhæfingin „Framhaldsskólanámið er auðveldara en ég átti von á“ ætti við þá. Árið 2018 sögðust um 58% stráka og 46% stelpna vera því mjög eða frekar sammála.


Stelpur verja meiri tíma í heimanám en strákar

Eins og sjá má á mynd 4 virðist sá tími sem nemendur verja í heimanám nokkuð stöðugur á árabílinu 2004-2018. Á bilinu 37-40% nemenda verja hálfri klukkustund eða minna í heimanám á dag og 28-32% um einni klukkustund á dag þegar tímabilið er skoðað. Í síðustu tveimur könnunum (2016 og 2018) segjast 33% nemenda vinna heima í um 2 klukkustundir eða meira á dag.



Mynd 4. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013, 2016 og 2018 eftir því hve miklum tíma þeir segjast verja daglega í heimanám.


Í niðurstöðum kemur fram áberandi kynjamunur þegar skoðaður er sá tími sem nemendur segjast verja í heimanám. Á mynd 5 sést að hlutfall stelpna sem ver einni klukkustund eða meira í heimanám á dag er að jafnaði 20-30 prósentustigum hærra en hjá strákum á tímabilinu 2004-2018.



Mynd 5. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013, 2016 og 2018 sem segjast verja 1 klukkustund eða meira í heimanám daglega.

Tilgangur náms

Á mynd 6 má sjá hlutfall stelpna og stráka á árabílinu 2004-2018 sem telja það stundum, oft eða nær alltaf eiga við um sig að námið sé *tilgangslaust*. Niðurstöður benda til þess að framhaldsskólanemendur upplifi í auknum mæli tilgangssleysi með námi sínu og að strákum sé hættara við þeirri upplifun en stelpum. Kynjamunur á tímabilinu er á bilinu 9-12 prósentustig.



Mynd 6. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013, 2016 og 2018 sem telja námið tilgangslaust stundum, oft eða nær alltaf.

Samantekt

Þær niðurstöður sem hér eru dregnar fram benda til þess að nær helmingur nemenda telji nám í verklegum greinum henta sér betur en bóknám. Á sama tíma segjast innan við 20% vera á verknámsbrautum. Þriðjungur nemenda í bóknámi til stúdentsprófs telur að nám í verklegum greinum henti sér betur en bóknám.

Hærra hlutfall stráka en stelpna telur námið vera of létt og stelpur verja að jafnaði meiri tíma í heimanám en strákar. Niðurstöður gefa einnig til kynna að hækkandi hlutfall nemenda af báðum kynjum telji námið tilgangslaust og að strákum sé almennt hættara við þeirri upplifun en stelpum.

Frekari greininga og rannsókna er þörf til að skýra þessa þætti og setja þá í samhengi við mögulega áhrifaþætti.

Um skýrsluna *Ungt fólk 2018, framhaldsskólar*

Skýrslan *Ungt fólk 2018, framhaldsskólar* byggir á gögnum *Ungt fólk* rannsóknarinnar sem safnað var saman meðal íslenskra framhaldsskólanema haustið 2018. Rannsóknin er lögð fyrir á vegum Rannsókna & greiningar. Í skýrslunni koma fram mikilvægar upplýsingar um ýmsa þætti í lífi ungmenna í framhaldsskólum, s.s. félags-, tómtunda- og íþróttastarf, tengsl við jafningja, foreldra og uppeldi, heilsu og líðan, námi og skóla, atvinnuþátttöku og fjárhag og vímuefnanotkun.

Þátttakendur eru þeir dagskólanemendur í framhaldsskóla sem eru í kennslustund á þeim tíma sem könnunin er lögð fyrir. Árið 2018 fengust gild svör frá 10.259 þátttakendum og var svarhlutfall tæplega 71%. Strákar voru 4.949 og stelpur voru 5.101. Alls merktu 89 einstaklingar við svarkostinn annað í spurningu um kyn og 120 gáfu ekki upp kyn sitt.

Í skýrslunni eru bornar saman niðurstöður rannsókna með reglulegu millibili frá árinu 1992 til 2018. Skýrslan er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Heimild

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Erla María Tölgyes, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson (2019). *Ungt fólk 2018 framhaldsskólar. Menntun, menning, tómtundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan, framtíðarsýn og vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi.*